

## Starfsskýrsla æskulýðsnefndar Gusts 2004-2005.

Vetrarstarfið hófst með árlegu jólaballi, þar mæta allir aldurshópar og skemmta sér saman.

Um miðjan janúar kölluðum við börn og unglunga á undirbúningsfund, förum yfir starfið framundan og hvöttum þau til að koma með hugmyndir af því sem þeim þætti áhugavert að gera. Margar skemmtilegar hugmyndir komu fram. Fengu krakkarnir sér pizzu og gos í lokin.

Í endaðan janúar byrjuðum við að undirbúa sýninguna Æskan og hesturinn, þar var áherslan lögð á að allir gætu verið með, þar kom reynsla þeirra vanari sér vel voru þau dugleg að aðstoða þá óvanari, vorum við með tvo hópa, eldri og yngri hóp, sýndu þau sinn hvorn daginn, lagðist það mjög vel í sýnendur og foreldra þeirra. Að sjálfsögðu áttum við fulltrúa í pollaatriðunum. Bjarni Sigurðsson tamningarmaður þjálfaði hópinn og var mikil ánægja hjá öllum sem að þessu komu.

Við komum að árshátíð unglunga á höfuðborgarsvæðinu sem haldin var í félagsheimilin Fáks, þótti sú hátíð takast vel.

Fjöldi námskeiða var í boði fyrir börn og unglunga, einhverjir tóku knapamerkja námskeið, var þátttaka mjög góð en félagið niðurgreiddi námskeiði niður um helming.

Skipulögð var óvissuferð fyrir unglingana en því miður urðum við að fella hana niður vegna lélegrar þátttöku.

Á föstudaginn langa var haldin þrauta og grímubúningadagur var mjög góð mæting og stemmingin frábær, búningar voru margvíslegir og voru bæði hestar og börn áberandi skreytt. Veitt voru verðlaun fyrir bestu búninga og efstu sætin í þrautunum, allir fengu þátttöku viðurkenningu og páskaegg að lokum voru svo grillaðar pylsur.

Farið var í tvo reiðtúra í vetur, unglingareiðtúr, unglingarnir fjölmenntu enda lék veðrið við þau, og barnareiðtúr þátttaka þar var líka með ágætasta móti.

Æskulýðsnefndin kom að undirbúningi fyrir Á.G. mótið, sem er opið æskulýðs töl mót sem haldið er í Gusti.

Í ár er 40 ára afmæli félagsins í tilefni þess var haldin glæsileg fjölskyldugrillveisla í reiðhöllinni, þar skemmtu sér saman allir aldurs hópar, tókst þessi skemmtun frábærlega vel.

Einnig í tilefni afmælisins var nýr íþróttagalli hannaður og niðurgreiðir Gustur að stórum hluta gallana fyrir börn, unglunga og ungmenni sem eru í félaginu.

Æskulýðsnefndin tók að sér kaffisölu á vetrarleikum og firmakeppni í vetur.